

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 12. febrúar 2018  
UST201712-167/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag – Árheimar - Flóahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahreppar er barst 20. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hluta lands jarðarinnar Árheima úr landi Hólmasels 2. Heildarstærð Hólmasels 2 er 58,1 ha, en deiliskipulagstillagan nær yfir 14,4 ha.


### **Skipulagssvæðið**

Mikið af skurðum einkenna ofangreint skipulagssvæði. Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar sýnir tún og akurlendi á svæðinu.

Á svæðinu eru áætlaðar 6 lóðir undir hesthús, reiðskemmu og íbúðarhúsnæði sem tengist starfseminni.

Á ofangreindu skipulagssvæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og þar eru ekki jarðminjar eða vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við tillöguna.

Virðingarfyllst



Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Rake S Kristjansdóttir  
Sérfræðingur